

Skattur á fyrirtæki fyrirtækjaskattaréttur

Launþegi – verktaki

Atvinnumaður – tómstundamaður

Einstaklingstekjur - atvinnurekstrartekjur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 2

Vægi 8 til 9

Efnisyfirlit


- Atvinnurekstur. Hugtak og skilgreining
- Verktaki og launþegi. Afmörkun
- Afleiðing af rangri tilgreiningu **starfa**
- Verktaki og tómstundamaður. Afmörkun
- Afleiðing af rangri tilgreiningu **tekna**
- Um hagnaðarkröfuna. Hugsjónarfélög
- Smitaðar tekjur. Hvað er það?

Ólík skattlagning

- Af hverju þurfum við að þekkja auðkenni atvinnu rekstrar. Jú það er vegna þess að tekjur sæta ólíkri skattlagningu eftir því hverjum hlotnast þær
 - Einstaklingar, menn, greiða þannig brúttóskatt en
 - Atvinnurekendur, fyrirtæki - nettóskatt
 - Menn í rekstri verða auk þess að reikna sér endur gjald eða laun, greiða mótframlag í lífeyrissjóð og
 - ❑ tryggingagjald svo og virðisaukaskatt af seldri vöru og þjónustu svo dæmi sé tekið
 - Menn, einstaklingar, eru undanþegnir þessum skyldum

Lög og reglur

- Í lögum er víða fjallað um atvinnurekstur með einum eða öðrum hætti
- Hugtakið atvinnurekstur er þó hvergi skilgreint með ótvíræðum hætti
- Þess vegna verðum við að reyna að búa skilgreininguna til sjálf
- Í því sambandi er stuðst við Dóma og Úrskurði svo og Kenningar fræðimanna



Hvað er atvinnurekstur?

- Hugtakið atvinnurekstur má skilgreina sem:
 - (1) Sjálfstæða starfsemi (2) er maður leggur stund á reglulega með ákveðnu umfangi í ekki mjög skamman tíma (3) í þeim efna hagslega tilgangi að hagnast að fé
- Til að starfsemi sé atvinnurekstur verður hún því að fullnægja þremur skilyrðum. Þessi skilyrði eru:

Um skilyrðin:

1. Starfsemi verður að vera sjálfstæð
 - Verktaki - launþegi → afmörkun
2. Starfsemi verður að hafa ákveðið umfang og vera stunduð reglulega í ekki of ...
 - Atvinnu(sölu)maður - tómstundastarfsemi (hobby) → afmörkun
3. Starfsemi verður að hafa hagnaðar tilgang
 - Atvinnurekstur – hugsjónastarfsemi → afmörkun

Sjálfstæðisskilyrðið – hvað felst í því

- Verktaki er **Sinn eigin** herra. Í því felst að hann ræður því fyrir hvern hann vinnur, fyrir hvaða verð og hvenær
 - Ágreiningslaus tilvik. Verslun, verkstæði o. fl. þar sem fleiri en einn launþegi er við störf
 - Vafatilvik. Verslun, verkstæði o. fl. þar sem fleiri en einn launþegi **og fleiri en einn verktaki** eru við störf
- Ekki skiptir máli hvað maður segir sjálfur um sjálfstæðið heldur hvað ráðið verður um eðli þess af ýmsum **ytri** auðkennum svo sem:

Hin ytri auðkenni

h
e
i
l
d
s
t
æ
t
t
m
a
t

- **Ábyrgð.** Verktaki ber ábyrgð á árangri vinnu sinnar
- ☐ **Sjálfstæði.** Maður ræður sér sjálfur
- ✓ **Starfsstöð.** Gert er út frá eigin starfsstöð
- ✓ **Áhöld og tæki.** Verktaki notar jafnan eigin verkfæri við framkvæmd vinnu sinnar
- ✓ **Tegund greiðslu.** Um er að ræða afhendingu á vörum og eða þjónustu, það er afmörkuð verk – ekki viðvarandi vinnu
- ☐ **Greiðslu fyrirkomulag.** Þegar verki er lokið er gefinn út reikningur eftir atvikum með vsk.
- ✓ **Réttindi.** Hlutaðeigandi á ekki rétt á uppsagnarfresti frá störfum, launum í veikindum og slysum svo að nokkuð sé nefnt
- ✓ **Launatengd gjöld.** Greiðandi er ekki skyldur að halda eftir launa tengdum gjöldum af greiðslu
- ☐ **Viðskiptamenn.** Jafnan er unnið fyrir fleiri en einn

Haltu mér, slepptu mér

- Menn vilja gjarnan vera sjálfstæðir gagn vart skattinum. Við fyrstu sýn virðist frádráttarmöguleikinn nefnilega meiri
- Starfsöryggið er hins vegar minna og greiði verkkaupinn ekki fyrir þjónustuna stendur maður höllum fæti
- Laun njóta nefnilega forgangsréttar við gjaldprot meðan greiðsla verktaka telst almenn krafa

Miklagarðsmálið

Hrd. 1994/1743

Verktaki eða launþegi. Efni umfram form

- „Fallast má á að niðurstaða um þetta ágreiningsefni **geti ekki út af fyrir sig ráðist af því, að umræddur samningur sé nefndur verksamningur og aðilar að honum kallist því verktaki og verkkaupi. Fer það eftir heildarmati á efni samningsins og þeim starfa, sem varnaraðili tók að sér**
- Varnaraðili þáði föst mánaðarlaun, átti rétt á uppsagnarfresti, og laun hans tóku breytingum eftir almennum kjarasamningum. Samningurinn, sem forráðamenn Miklagarðs hf. gerðu við hann 30. janúar 1992, svo og **aðstaða** hans hjá fyrirtækinu, hafði svip venjulegs samnings verkstjóra að flestu leyti. **Með honum voru varnaraðila ekki falin ákveðin verk, er greitt var fyrir miðað við skil á þeim,** heldur tók hann að sér að sinna ákveðinni tegund verkefna og leggja til þeirra persónulega vinnu sína, er hann hafði að fullu aðalstarfi
- **Verður að telja að til þess að samningurinn verði virtur sem verksamningur þurfi hann að vera það samkvæmt efni sínu.“**

Sjá HRD 1998/268 (273)

Frjálst framtak = efni umfram form

- ... en þar var deilt um það, hvort tilteknir aðilar, sem gagnkær andi í málinu hafði í vinnu, væru sjálfstæðir verktakar eða launþegar, og sagði þar m. a.:
 - „Skattyfirvöld hafa að vísu ekki heimild til að skipta sér af einstökum ráðningarsamningum hlutafélaga, en þau hafa hins vegar heimild til að **LEGGJA SJÁLFSTÆTT** mat á það hvort einkaréttarlegir gerningar hafi í raun leitt til einhverra þeirra aðstæðna sem byggt verður á við skattlagningu
 - Þau höfðu þannig formlega heimild til að leggja mat á það hvort samningar þeir er gagnkærandi gerði við starfsfólk sitt skyldu metnir sem vinnu samningar í skattalegu tilliti eða sem verksamningar. **Við það mat skipti ekki máli hvað samningarnir voru kallaðir heldur hvernig farið var með þá í rekstri fyrirtækis og bókhaldi**
 - Verður að fallast á það með skattyfirvöldum að **ekki nægi** að samningarnir kveði á um það að starfsmaðurinn eigi að greiða launatengd gjöld eða greitt sé samkvæmt launahvetjandi kerfi.“

Könnun á starfssambandi

Ef já-in eru fleiri en nei-in er rétt að staldra við

Launþegi	Já	Nei	Verktaki	Já	Nei
Er sjálfstæður. Ræður sér sjálfur		x	Er sjálfstæður. Ræður sér ...	x	
Ber ábyrgð á verki		x	Ber ábyrgð á verki	x	
Ákveður sjálfur vinnutíma		x	Ákveður sjálfur verktíma	x	
Notar eigin tól og tæki		x	Notar eigin tól og tæki	x	
Fær greitt skv. reikningi		x	Fær greitt skv. reikningi	x	
Má láta aðra framkvæma verk		x	Má láta aðra framkvæma verk	x	
Fær greitt pr. verk		x	Fær greitt pr. verk	x	
Fær greitt eftir tímafjölda	x		Fær greitt eftir tímafjölda		x
Er á reglulegum launum	x		Er á reglulegum launum		x
Nýtur réttinda sem launþegi	x		Nýtur réttinda sem launþegi		x

Þeir sem stunda sölu á vöru og þjónustu í atvinnuskyni verða á skrá sig á virðisauka- og launagreiðendaskrá á eyðublaði nr. 5.02. Við þá skráningu þarf hlutaðeigandi að upplýsa hvort unnið er fyrir einn eða fáa. Svari hann því játandi verður að fylla út eyðublað 10.31 svo að skatt yfirvöld fái betri innsýn í málið



The image shows a registration form from RSK (Rekstrarform). It is titled "Til launagreiðendaskrár /virðisaukaskattsskrár". The form includes a section for "Rekstrarform" with three checkboxes: "Einstaklingsrekstur", "Lögaðili", and "Protabú". Below this, there are two main sections: "A Skráning á virðisaukaskattsskrá" and "Skráning á launagreiðendaskrá". Each section has four input fields for registration details. At the bottom, there is a checkbox for "Ef unnið er fyrir einn eða fáa - þá þarf að skila eyðublaðinu „Könnun á starfssambandi“ RSK 10.31".

RSK

Rekstrarform

☐ Einstaklingsrekstur ☐ Lögaðili ☐ Protabú

**Til launagreiðendaskrár
/virðisaukaskattsskrár**

A Skráning á virðisaukaskattsskrá

Nýskráning frá og með _____

Breyting frá og með _____

Tímabundið til og með _____

Rekstur hefur lokið niðri _____

Skráning á launagreiðendaskrá

Nýskráning frá og með _____

Breyting frá og með _____

Tímabundið til og með _____

Breyting vegna atvinnuleysisbóta _____

☐ Ef unnið er fyrir einn eða fáa - þá þarf að skila eyðublaðinu „Könnun á starfssambandi“ RSK 10.31

A Almennar upplýsingar

Nafn	Kennitala	Lögheimilisvettartélag
Lögheimili	Póstnúmer og póstatíð	Pósthófnúmer og póstnúmer

B Könnun á starfssambandi

Nafn og kennitala þess fyrirtækis sem unnið er fyrir		
Hefur þú verið launþegi hjá því fyrirtæki?	Já	Nei
Starfsheiti og stutt vinnulýsing á starfssviði þínu:		
Starfsstaður:		
Ert þú skuldbundin/n til að inna vinnuna sjálf/ur af handi?	Já	Nei
Hefur verksamningur verið gerður um vinnuna? Eitja – Láttu verksamning fylgja.	Já	Nei
Verður verkið að einhverju leyti unnið á fjárhagslega ábyrgð þína?	Já	Nei
Hefur þú stjórnunarvald yfir starfsmönnum kaupanda vinnuframlagsins?	Já	Nei
Ert þú háð/ur verkstjórni kaupanda vinnuframlagsins?	Já	Nei
Er vinnan unnin með véllum, tækjum og efni þess er kaupir vinnuframlagið?	Já	Nei
Verður vinnan unnin á starfsstöð þess sem kaupir vinnuframlagið?	Já	Nei
Færð þú greitt reglulega t.d. mánaðarlega?	Já	Nei
Er um ákveðið, tímabundið verkefni að ræða?	Já	Nei
Þarft þú sjálf/ur að greiða lögjald vegna slysatryggingar eða lífeyrirréttinda?	Já	Nei
Er greiðslur miðaðar við framgang verkefna?	Já	Nei
Hefur þú sérstaka löggildingu eða ert þú lönlað/ur?	Já	Nei
Er vinnutími ákveðinn af þeim er kaupir vinnuframlagið?	Já	Nei
Hefur þú uppsagnarfrest?	Já	Nei
Átt þú rétt á orlofs- og veikindadögum?	Já	Nei
Verða dagpeningar, bifreiða- eða ferðakostnaður greiddir sérstaklega?	Já	Nei

ATH – Fylla þarf út eitt eyðublað fyrir hvert fyrirtæki sem unnið er fyrir.

Skoðum nú afleiðingarnar af rangri tilgreiningu tekna

Tekjur frá 1. jan. til 31. des. 2019. Rekstur á eigin kennitölu	Kr.	Vsk.
Sala á þjónustu	10.000.000	2,400,000
Tekjur alls	10.000.000	
Gjöld:		
Reiknað endurgjald	5.000.000	
Mótframlag. 8% af reiknuðu endurgjaldi	400.000	ATH
Tryggingargjald. 6,60% af endurgjaldi og mótframlagi	356.400	ATH
Félagsgjöld	150.000	
Námskeið	75.000	
Rekstur skrifstofu	600.000	
Áhöld og tæki	250.000	60,000
Sími, internet	300.000	72,000
Rekstur bifreiðar	450.000	
Fyrning	325.000	
Vextir	75.000	
Gjafir	15.000	
Risna	25.000	
Gjöld alls	8.021.400	
Hagnaður	1.978.600	

fyrst hjá manningum og svo hjá fyrirtækinu ...

Skattlagning manns. Álagning 2020 vegna tekna 2019.	Var	Verður
Reiknað endurgjald. Laun	5.000.000	10.000.000
Iðgjald í líf. 4% af launum	-200.000	-400.000
Hagnaður af rekstri	1.978.600	
TEKJUSKATTSTOFN	6.778.600	9.600.000
25% álag á hækkun tekjuskattsstofns $0,25 \cdot (9.600.000 - 6.765.000)$		708.750
Endurákvarðaður tekjuskattsstofn	6.765.000	10.308.750
Tekjuskattur er		
í 1. þrepi: 22,50% af tekjum allt að 11.125.045	1.522.125	2.319.469
í 2. þrepi: 31,8% af tekjum frá 11.125.046		
Reiknaður tekjuskattur		
Persónuafsláttur	-677.358	-677.358
Tekjuskattur til greiðslu	844.767	1.642.111
Meðalútsvar: 14,44%	976.866	1.488.584
Tekjuskattur og útsvar til greiðslu	1.821.633	3.130.694
Skattur hækkar um		1.309.061

Fyrirtækið hefur ...

1. ... í leyfisleysi innskattað 2.400.000 kr. Kostnaður vegna þessa er að lágmarki 2.400.000 kr. + 240.000 kr.
2. Vanrækt að greiða mótframlag af 10.000.000 kr. Kostnaður vegna þessa er að lágmarki 800.000 kr.
3. Vanrækt að greiða tryggingagjald. Kostnaður vegna þessa er að lágmarki 712.800 kr. ($0,0660 * 10.000.000 + 800.000 =$)
4. ... og ekki staðið skil á reglulegri staðgreiðslu skv. lögum

Dómur dags. fimmtudaginn 6. maí 1999 í máli
nr. 286/1998. Halldór G. Baldursson gegn
Íslenska ríkinu

- Skattufirvöld endurákvörðuðu opinber gjöld H, verkkaupa, á þeim grundvelli að G, verktaki, sem starfað hafði hjá honum, hefði verið launþegi hans en ekki verktaki
- Í málinu kom fram að G hefði á þeim tíma, sem um ræddi, ekki **unnið í þágu annarra en H**. Hann hafði fengið greitt tímakaup, þar sem greint var á milli dagvinnu og yfirvinnu, innt af hendi þau verk sem til féllu, verið undir stjórn H og ekki haft afnot af eigin starfsstöð
- Þótti samband þeirra hafa haft slík einkenni vinnusamnings, að líta yrði á greiðslur H til G sem laun. Var því staðfestur dómur héraðsdóms, þar sem kröfum H um ógildingu og breytingu ákvarðana skattufirvalda var hafnað

Í málinu krafðist Halldór þess

- Að úrskurði yfirskattanefndar í málinu nr. 211/1997, úrskurði skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra frá 26.3.1996 og úrskurði sama skattstjóra frá 31.10.1995 verði hrundið og stefnda, íslenska ríkinu, gert að þola endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum stefnanda og eiginkonu hans, Önnu Katrínar Eyfjörð Þórsdóttur, kt. [...] vegna tekjuársins 1993, á þeim grundvelli að greiðslur stefnanda til Garðars Svanlaugssonar, kt. [...], **verði viðurkenndar sem verktakagreiðslur**. Þessi krafa felur í sér:
 1. Að hækkun tryggingagjalds 102.163 krónur auk álags og dráttarvaxta fellur niður
 2. Að stefnanda beri innskattur af verktakagreiðslum að fjárhæð 324.267 krónur auk dráttarvaxta skv. 28. gr. laga nr. 50/1988
 3. Að krafa á hendur stefnanda um skil staðgreiðsluskatta 396.066 krónum fellur niður ásamt álagi og dráttarvöxtum

Aðilar í sérstakri hættu Frávik verða að byggjast á viðskiptalegum ástæðum

- Fyrrverandi launþegar, sbr. Miklagarðsmálið
- Menn sem vinna fyrir sama aðila sérstaklega um langan tíma. Viðverandi vinna, ekki ákveðin verk
- Aðilar sem hvorki ráða yfir fastri starfsstöð né leggja sér til tæki - **gera út frá starfsstöð verkkaupa**
- Maður hefur ekki heimild eða rétt til að fela öðrum framkvæmd vinnunnar. Persónuleg vinna
- Reksturinn er eins manns fyrirtæki. Engir starfandi launþegar. Einn viðskiptamaður

Vissir aðilar eru í meiri hættu en aðrir

- Þótt maður sé almennt sjálfráður um það hvort hann geri sig út sem verktaka eða launþega er valfrelsinu samt takmörk sett
- Stjórnarmaður í félagi getur t.d. ekki verið verk taki. Sama gildir um fulltrúa í nefnd. Helgast það af persónulegu eðli viðkomandi starfa
- Líklega er þessu eins farið um framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri félags

Sjá dóm hæstaréttar dags. 2. febr. 2012 í málinu nr. 362/2011

- Með því aðgerðarleysi sínu að hafa oftalið innskatt í starfsemi félagsins með því að hafa með **óheimilum** hætti hagað **starfssambandi** sínu við félagið sem verktakasambandi í stað launþegasambands hafa ákærðu sem **FRAMKVÆMDA STJÓRAR OG STJÓRNARMENN** vanrækt af stórkostlegu hirðuleysi þær skyldur sem hvíldu á þeim samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt til að hlutast til um að efnislega réttum virðisaukaskattsskýrslum væri skilað og að skatturinn yrði greiddur

Úrskurður nr. 293/2004

Sölumenn á fasteignasölum, hárgreiðslukonur ...

- Skattstjóri synjaði kæranda um skráningu í grunnskrá virðisaukaskatts vegna starfa hans við sölu fasteigna á vegum F ehf. á þeim forsendum að kærandi væri í raun launþegi í starfi sínu hjá félaginu en ekki sjálfstætt starfandi maður. **Benti skattstjóri m.a. á í því sambandi að kærandi hefði ekki hlotið löggildingu ráðherra til fasteigna sölu samkvæmt lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu**
- Yfirsattanefnd féllst á með skattstjóra að sú staðreynd, að um lögbundna og leyfisbundna atvinnustarfsemi væri að ræða, þætti almennt mæla gegn því að um gæti verið að ræða verktöku aðila, sem ekki hefðu tilskilin réttindi, á einstökum þáttum starfseminnar, auk þess sem hið umdeilda samningssamband kæranda og F ehf. þótti að sumu leyti bera einkenni vinnusamnings, m.a. **þar sem um væri að ræða persónulegt og viðvarandi vinnuframlag við almenna starfsemi F ehf.**
- Yfirsattanefnd taldi þó að ekki yrði framhjá því litið að ýmis ákvæði samningsins bentu í gagnstæða átt og þættu einkennandi fyrir verksamning. Var í því sambandi m.a. vísað til þess að kærandi bæri sjálfur ýmsan og umtalsverðan kostnað sem hlytist af störfum hans í þágu F ehf., svo sem kostnað vegna ferða, auglýsinga, aðstöðu og búnaðar, endurgjald til kæranda vegna sölustarfa hans tæki alfarið mið af árangri af þeim og að kærandi nyti umtalsverðs sjálfstæðis í störfum sínum
- Með vísan til þess og þeirrar fjárhagslegu áhættu og ábyrgðar sem kærandi hefði tekist á hendur samkvæmt samningi sínum við F ehf. þótti skattstjóri ekki hafa sýnt fram á það gegn andmælum kæranda og ótvíræðum ákvæðum samnings aðila að kærandi væri launþegi í störfum sínum fyrir F ehf. Var fallist á kröfu kæranda og lagt fyrir skattstjóra að skrá kæranda í grunnskrá virðisaukaskatts

YSÚ 390/2003

- Kærandi, sem starfaði sem yfirvélstjóri hjá útgerðarfélaginu X, fór með greiðslur frá X sem atvinnurekstrartekjur í skattskilum sínum. Kæruefni málsins var ákvörðun skattstjóra um að virða umræddar greiðslur sem launagreiðslur en ekki sem greiðslur fyrir verktöku og breyta skattskilum kæranda í samræmi við það
- Yfirskattanefnd taldi að **eðli sjómannsstarfa og ákvæði sjómannalaga nr. 35/1985** mæltu almennt gegn því að störf þessi gætu verið unnin í verktöku. Litið var til þess að um **langvarandi og viðvarandi starfssamband** hefði verið að ræða milli kæranda og X, starfið hefði verið aðalstarf kæranda, hann hefði verið **háður boðvaldi í störfum sínum og ekki eingöngu lotið valdi skipstjóra að lögum heldur einnig forsvarsmanna X eftir því sem við átti**. Þá hefði kærandi haft mannaforráð sem leiddi beinlínis af lögum og haft aðstöðu hjá X
- Fyrir lá að greiðslur til kæranda tóku mið af kjarasamningi, voru reglubundnar og réðust að engu leyti af framgangi verka utan þess sem leiddi af almennum reglum hlutaskipta. Þá lagði kærandi ekki til áhöld og tæki nema að óverulegu leyti. Var fallist á með skattstjóra að virða bæri starfssamband kæranda og X sem vinnusamning í skattalegu tilliti og voru ákvarðanir hans varðandi skattskil kæranda látnar standa óhaggaðar, þ.m.t. álagsbeiting skattstjóra

Úrskurður nr. 221/2003

- Skattstjóri synjaði kæranda um skráningu í grunnskrá virðisaukaskatts vegna fyrirhugaðra starfa hans við sölu notaðra bifreiða hjá X ehf. á þeim forsendum að kærandi væri í raun launþegi í starfi sínu hjá félaginu en ekki sjálfstætt starfandi maður
- Yfirskattanefnd taldi að kærandi hefði ekki sýnt fram á að um verksamning væri að ræða. Var m.a. bent á í því sambandi að sala bifreiðanna væri að öllu leyti á ábyrgð X ehf. sem starfsleyfishafa bifreiðasölu samkvæmt lögum nr. 28/1998
- Sú staðreynd, að um lögbundna og leyfisbundna atvinnu starfsemi væri að ræða, þætti almennt mæla gegn því að um gæti verið að ræða verktöku aðila, sem ekki hefðu tilskilin starfsleyfi, á einstökum þáttum starfseminnar. Var kröfu kæranda hafnað

YSÚ 223/2013

Aukaverk presta, lækna

- Kærandi, sem var í launuðu starfi hjá X ehf., starfaði einnig fyrir félagið á vegum eigin einkahlutafélags, Z ehf., við skipulagningu tónleika og leiksýninga. Ríkisskattstjóri taldi að greiðslur X ehf. til Z ehf. vegna þessara verkefna kæranda væru í raun sprottnar af vinnusambandi kæranda við X ehf. þannig að virða bæri þær sem launatekjur er tilheyrðu kæranda en ekki Z ehf.
- Yfirskattanefnd taldi ekki leika neinn vafa á því að um hefði verið að ræða aðalstarf kæranda þau ár sem málið tók til samhliða launuðu starfi hans hjá X ehf. og benti á að um hefði verið að ræða fastar, mánaðarlegar greiðslur X ehf. til Z ehf. vegna starfanna sem ekki hefðu verið tengdar árangri eða afköstum að neinu leyti
- Var fallist á þá ályktun ríkisskattstjóra að virða bæri umrætt samningssamband sem vinnusamning en ekki verksamning og að starfssambandið teldist hafa verið milli kæranda sjálfs og X ehf. Varakröfu kæranda, sem laut að því að við tekjufærslu launa yrði tekið tillit til kostnaðar sem Z ehf. hefði lagt út fyrir vegna verkefna í þágu X ehf., var vísað frá yfirskattanefnd þar sem kærandi hafði engin gögn lagt fram um útgjöldin og afar takmarkaða grein gert fyrir eðli útgjaldanna og tengslum þeirra við verkefni í þágu X ehf.

Úrskurður nr. 88/2002

Gjaldár 1995-1998

Ekki sérgreind verkefni=almenn stjórnarstörf

- Skattstjóri skattlagði hjá kæranda, sem launatekjur hans, greiðslur frá **fjórum** hlutafélögum til **X sf.** vegna ráðgjafarstarfa **kæranda** á vegum X sf. í þágu hlutafélaganna á árunum 1995, 1996 og 1997
- Kærandi gegndi á sama tíma starfi stjórnarformanns í umræddum félögum og daglegs stjórnanda eins þeirra. Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að þegar litið væri til eðlis hinna umdeildu starfa kæranda í þágu hlutafélaganna, m.a. **til þess að ekki var um SÉRGREIND VERKEFNI af neinum toga að ræða heldur almenna ráðgjöf varðandi starfsemi félaganna**, þætti ekkert benda til annars en að verkefni þessi hefðu verið **þáttur í starfi kæranda** sem **STJÓRNARFORMANNS** í félögunum og daglegs stjórnanda eins þeirra
- Þá var bent á **að ekki væri um að ræða NEINA SÖLU** ráðgjafar á vegum X sf. til annarra aðila á **sama tímabili**. Ennfremur yrði við úrlausn málsins **ekki litið framhjá verulegum eigna- og stjórnunartengslum kæranda við öll umrædd félög, þ.m.t. X sf.**, en ekki yrði annað ráðið en að kærandi hefði í krafti þeirra tengsla **sjálfur ráðið** tilhögun á greiðslum fyrir störf sín í þágu hinna fjögurra hlutafélaga
- Var fallist á með skattstjóra að virða bæri samband kæranda og hlutafélaganna **sem vinnu-samning í skattalegu tilliti**

Þjónustusamningurinn

Nauðsynlegt að vanda vel til gerðar hans svo sem:

- **Undirstrika sjálfstæðið:**
 - Setja í samning ákvæði um að hlutaðeigandi ráði sér sjálfur: hvort, hvenær og hvernig hann vinnur verk – og sé jafnvel heimilt að láta annan framkvæma verk bjóði honum svo við að horfa
- **Starfsstöð. Áhöld og tæki**
 - Taka fram að maður sé ekki skyldur að vinna verkið á starfsstöð verkkaupa
 - Leggi verkaupi til vinnuaðstöðu, áhöld og tæki beri verksali að greiða leigu

Úrskurður nr. 80/2007

Endurákvörðun skattstjóra ómerkt

- Maður gerði út sem ehf. á skrifstofu RÚV. Auglýsingadeild. Laun voru ágrangurstengd um 650 þús. á mán.
- Þjónustusamningur var í gildi milli ehf. og RÚV
 - Skv. honum var maðurinn mjög sjálfstæður
 - T.d þurfti hann **ekki** að gegna starfinu sjálfur
 - Þá réð hann því hvort hann nýtti aðstöðu RÚV eða gerði út frá eigin skrifstofu
 - Nýtti hann aðstöðu RÚV skyldi hann greiða leigu

Urskurður nr. 41/2012

Gjaldár 2005-2008

- Ríkisskattstjóri endurákvarðaði tryggingagjald og virðisauka skatt kæranda, sem var verktakafyrirtæki, þar sem ríkisskatt stjóri taldi að virða bæri greiðslur félagsins til A árin 2004-2007 sem launagreiðslur en ekki greiðslur fyrir verktöku
- Störf A í þágu kæranda fólust í ýmsum smíðaverkefnum. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að þótt samband kæranda og A bæri að sumu leyti einkenni vinnusamnings bentu önnur atriði í gagnstæða átt og þættu einkennandi fyrir verksamninga, **m.a. þar sem A bar sjálfur kostnað af störfum sínum og var frjálst að taka að sér verkefni fyrir aðra en kæranda**
- Var ríkisskattstjóri ekki talinn hafa sýnt fram á að A hefði verið launþegi í störfum sínum fyrir kæranda og var hin kærða endurákvörðun því felld úr gildi

Umfang og regluleiki

Eðli tekna: einstaklings- eða atvinnurekstrartekjur

- A
f
k
o
m
u

m
ö
g
u
l
e
i
k
i
- **Umfang**
 - Velta – ath. vsk. lög, útskattur að jafnaði hærri en innskattur
 - Eignir og skuldir. Hrein eign. Skip og fasteignir skapa í eðli sínu greiðslugetu. Leiga – eignarhald, skiptir ekki máli
 - Starfsmannafjöldi. Einyrki – eigandi og fleiri en einn starfsm
 - Aðstæður við atvinnureksturinn. Menntun fyrirsvarsmanna
 - **Regluleiki – tíðni viðskipta, veltuhraði**
 - Með regluleika er átt við endurtekningu á tiltekinni athöfn t. d. sölu á ákveðinni vöru, afhendingu á ákveðinni þjónustu o. s. frv. [Sjá Gauta málið – sala á folatolli](#)
 - **Tími: Eitt skipti – mörg skipti. Samfeldni**
 - Hinar endurteknu athafnir mega ekki standa yfir í mjög skamman tíma. (Hér spilar umfang inn í, sjá t.d. tónleika sem standa yfir eina kvöldstund.) Þá má ekki heldur líða óeðlilega langur tími á milli viðskiptanna

Veltulágmark í vski Innskattur hærri en útskattur viðvarandi tap í rekstri

- Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir eina milljón (1.000.000 kr.) eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst **þurfa ekki** að skrá sig á virðisaukaskattsskrá. Sjá 4. tölul. 4. gr. VSL
 - **HÆKKADÍ Í 2.000.000 KR. ÞANN 1. JAN. 2017**
- Ekki skal heldur skrá aðila samkvæmt þessari grein ef saman lagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna – og hafi hann verið skráður má fella hann af virðisaukaskattsskrá. Sjá 5. mgr. 5. gr. VSL

Má leigja út íbúðir án gistileyfa?



Mikið er um leigu á íbúðum og herbergjum til ferðamanna í Reykjavík. Slík leiga getur verið gistileyfisskyld og að greiða þurfi virðisaukaskatt af henni. Ómar Óskarsson

Þorsteinn Ásgrímsson

thorsteinn@mbl.is

mbl.is



Á undanförunu hefur mikið farið fyrir umræðu um aukinn fjölda íbúða í höfuðborginni sem leigðar eru út til ferðamanna, sumar yfir sumartímann, aðrar yfir allt árið. Samtök ferðapjónustunnar hafa gagnrýnt þessa starfsemi og sagt hana ólöglega þar sem húseigendur hafi ekki tilskilin leyfi og greiði ekki skatta af starfsemi sinni.

Meðal annars hefur verið bent á að nokkur hundruð íbúðir í Reykjavík séu auglýst-

ar á leiguvef á netinu þar sem fólk gefst kostur á að leigja út íbúðir til ferðamanna. Samkvæmt Samtökum ferðapjónustunnar er aðeins lítil hluti þessara íbúða með gistileyfi.

Í gær fjallaði mbl.is um að ríkisskattstjóri hyggst herða eftirlit með útleigu á íbúðum sem gætu flokkast undir gistipjónustu og fylgja því eftir að greidd væru rétt gjöld og skattar af þeirri þjónustu.

Telja sig leigja íbúðir löglega

Mbl.is hefur rætt við einstaklinga sem leigja út íbúðir yfir sumartímann og telja sig gera það löglega svo lengi sem greiddur sé fjármagnstekjuskattur af leigutekjunum.

Húsaleiga er undanskilin virðisaukaskatti og ekki er þörf á gistileyfi fyrir aðila sem leigja íbúðir sínar út, eins og fram kemur í húsaleigulögum. Mbl.is kannaði málið nánar og fékk svör við því hvenær húsaleiga verði að gistipjónustu og hvort hægt sé að stunda útleigu á íbúðum án þess að hafa til þess gistileyfi.

Regluleg og skipulögð atvinnustarfsemi ber virðisaukaskatt

Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, segir í samtali við mbl.is að meginreglan sé sú að allar tekjur séu skattskyldar. Það sé þó undantekning í virðisaukaskattslögum og að heimild sé fyrir því að einstaklingur hafi tekjur upp að einni milljón króna án þess að greiddur sé virðisaukaskattur. Yfir þessari upphæð þurfi þó að greiða skattinn og við bætist gistináttgjalld. Hann tekur þó fram að þetta eigi ekki við um reglulega eða skipulagða atvinnustarfsemi.

„Þetta er skýrt mark, en þrátt fyrir það getur þjónustan verið skattskyld í atvinnurekstri þó hún nái ekki milljón. Ef við tökum sem dæmi einstaklinga sem leigja út herbergi til túrista ár eftir ár og eru með reglubundna starfsemi. Þó þetta nái ekki milljón þá gæti verið að menn þurfa að greiða atvinnurekstrartekjuskatt og þá fellur þetta ekki undir að vera með fjármagnstekjur,“ segir Skúli.

Það er því ekki bara spurning um heildarupphæð leigunnar sem skiptir máli samkvæmt Skúla, fyrirkomulag leigunnar getur þar skipt miklu máli. Hann segir að leiga húsnæðis í eitt eða tvö skipti í stuttan tíma sé allt annað mál og falli undir milljónaregluna og beri því ekki virðisaukaskatt.



Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, segir að regluleg og skipulögð útleiga flokkist sem atvinnustarfsemi. mbl.is

Lengd útleigu hefur áhrif á þörf á gistileyfi

En það er ekki bara ríkisskattstjóri sem hefur með það að segja að ákveða hvað sé gistipjónusta og hvað sé húsaleiga. Í húsaleigulögum kemur fram að ef leigt sé til viku eða skemmri tíma, þá flokkist það sem gistipjónusta og þá þurfi leyfi frá lögreglustjóra. Þegar mbl.is sóttist eftir svörum frá Lögreglustjóranum í Reykjavík fengust þau svör að vikutími í útleigu væri viðmið embættisins. Aftur á móti gæti lengri leiga einnig flokkast sem gistipjónusta, en það væri aftur á móti meira álitaefni og færi eftir atvikum.

Það stendur þá eftir að ef eigendur eigna ætla að leigja íbúðir sínar út, þá þurfa þeir gistileyfi sé leigan styttri en ein vika. Með gistileyfi er um atvinnurekstur að ræða og því þarf að greiða gistináttagjald og virðisaukaskatt. Ef hún er lengri en vika er þó hægt að sleppa við slíkt með því að gera leigusamning.

Ef leigan flokkast hins vegar sem regluleg eða skipulögð atvinnustarfsemi, þá þarf að greiða virðisaukaskatt, en álitaefni getur verið hvort sækja þurfi um gistileyfi. Nái tekjur vegna leigunnar á einu ári yfir einni milljón þarf einnig að greiða virðisaukaskatt og það fer eftir eðli og umfangi leigunnar hvort hún sé atvinnustarfsemi eður ei.

Frétt mbl.is: Ólögleg gisting undir smásjá RSK

Frétt mbl.is: Segir fjórðung herbergja ólöglegan

YSÚ 903/1998

Veltulágmarkið miðaðist hér við 250.000 kr. Regluleikan skortir

- Árið 1996 tók kærandi að sér að semja forrit fyrir tiltekinn banka og fékk 1.014.000 kr. fyrir. Við framtal árið 1997 **taldi hann þær tekjur fram sem höfundarlaun** að frádregnum 145.918 kr. vegna kostnaðar. Skömmu fyrir álagningu það ár reit skattstjóri kæranda bréf og óskaði skýringa á gjaldfærslunni. **Jafnframt vakti hann athygli á, að kæranda bæri skylda til að reikna sér endurgjald, sem væri staðgreiðslu- og tryggingagjaldsskylt.** Kærandi svaraði þegar bréfinu og lét í té um beðnar skýringar
- Við álagningu var tekið tillit til sumra andmæla kæranda, en öðrum hafnað. Í því sambandi var mest um vert, að skattstjóri gerði kæranda að greiða staðgreiðslu og tryggingagjald, **eins og hann hefði stundað atvinnurekstur**
- Skattaðili kærði breytingarnar til YSN, sem úrskurðaði, að í ljósi þess, að kærandi hefði ekki haft neinar tekjur af hugbúnaðargerð árið 1994 og 1995, lægi ekkert annað fyrir en að tekjur hans af hugbúnaðargerð árið 1996 **hefðu verið einstaklega tilfallandi**, og væri því ekki unnt að líta svo á, að hann hefði haft atvinnurekstur með höndum. Ákvörðun skattstjóra um að gera kæranda tryggingagjald og staðgreiðslu var því felld niður

YSÚ 309/1998

Takmarkað umfang

- Kærandi, sem hafði tekjur af störfum sem dómkvaddur matsmaður á árinu 1995, var gert að sæta álagi á vangreidda staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi
- Með hliðsjón **af takmörkuðu umfangi rekstrartekna** kærandi á árunum 1994 og 1995 og eðli tekna hans af matsstörfum á árinu 1995 taldi yfirskattanefnd varhugavert að telja kærandi hafa haft með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 1995
- Var krafa kærandi um niðurfellingu álags því tekin til greina

Nánar um tekjur kæranda

- Kærandi hefur greint frá því að rekstrartekjur hans á árinu 1995 hafi eingöngu stafað af vinnu hans við gerð tveggja matsgerða. Á innsendri sundurliðun á reiknuðu endurgjaldi kæranda umrætt tekjuár skipti kærandi reiknuðu endurgjaldi á mánuðina júlí, september, október og nóvember 1995
- Í rekstrarreikningi kæranda 1995 voru tilgreindar tekjur af seldri þjónustu 911.400 kr. Þar kemur jafnframt fram að tekjur af seldri þjónustu á árinu 1994 námu 73.000 kr., en auk þess hafði kærandi það ár tekjur af gerð námsgagna, 120.000 kr.
- Þegar litið er til þessa **takmarkaða umfangs** og með hliðsjón af eðli tekna kæranda af störfum hans sem dómkvadds matsmanns á árinu 1995, sbr. m.a. ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991 sem rakin voru að ofan, þykir varhugavert að telja kæranda hafa haft með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 1995
- Verður þá jafnframt að hafa í huga að tekjuöflun kæranda hafi ekki verið **nægilega reglubundin** sem óhjákvæmilega hlýtur að eiga við um matsstörf kæranda. Það leiðir af þessu að krafa kæranda er tekin til greina

Tvívætt starfsemi, atv. og hobby

YSÚ 337/2006

- Kærandi hafði með höndum sjálfstæða starfsemi á árunum 1996-1999. Ágreiningur máls þessa laut að því hvort ljósmynda þjónusta kæranda á sama tímabili gæti talist til atvinnurekstrar í skattalegu tilliti og þannig hluti sjálfstæðrar starfsemi kæranda umrædd ár
- Yfirskattanefnd gerði í úrskurði sínum grein fyrir þeim vanda sem einatt væri við að glíma þegar ákvarða þyrfti hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi væri að ræða, m.a. þegar reyndi á mörk slíkrar starfsemi og tómstunda-starfsemi
- Fram kom að kærandi hefði haft **óverulegar tekjur af ljósmyndapjónustu** á því tímabili sem málið varðaði og að gjöld af starfseminni hefðu numið umtalsvert hærri fjárhæðum. Þá væri starfsemin þess eðlis að það bæri undir kæranda að gera skilmerkilega grein fyrir rekstraráformum til þess að með starfseminna yrði farið í skattskilum sem atvinnurekstur
- Samkvæmt þessu og að virtu takmörkuðu umfangi starfseminnar var fallist á með ríkisskattstjóra að starfsemin gæti ekki talist til atvinnurekstrar í skattalegu tilliti

Eignir, skuldir. Tekjur, gjöld

- Útleiga heilla fasteigna gagnstætt einstökum herbergjum – telst jafnan atvinnurekstur
 - Umfangið er svo mikið
- Útleiga stórra eigna svo sem skipa og flugvéla gagnstætt einstökum bifreiðum og skemmtibátum - telst jafnan atvinnurekstur
 - Umfangið er kannski ekki svo mikið en nóg
- Útleiga einstakra herbergja telst hins vegar jafnan hobby

Atriði sem hafa áhrif á eðlið

- **Sala á fasteignum – hvenær telst það atv.?**

- Hvað er selt, íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði
- Hver byggir - faglærður – ófaglærður. Hver selur ...
- Hversu margar íbúðir eru seldar, ein ok, tvær sp. Hinn venjulegi Ísl. byrjar í blokk, fer svo á hæð í fjölbýli, þá í raðhús og loks í einbýli. **Almennt ok**
- Aðstaðan við söluna, menntun seljanda o. fl.

- **Sala á bifreiðum – 0% skattur, svo 22% og loks 36,94 ...%. Hvenær – hvaða skatt?**

- Ein bifreið seld einstaka sinnum – 0%
- Tvær til tíu, jafnvel tólf til þrettán, í eitt til tvö skipti og
- innflutningur með hagnaðarvon – 22%

Úrskurður nr. 245/2002

Gjaldár 1998

Eðli

Hver selur

Kærandi var sjálfstætt starfandi lögmaður. Ágreiningur var um hvort hagnaður kæranda af sölu atvinnuhús-næðis teldist til tekna af atvinnurekstri hans eða hvort um væri að ræða eignatekjur sem skattleggja bæri sem fjármagnstekjur utan rekstrar

Um var að ræða sölu á alls níu eignarhlutum í húsnæðinu sem allir voru seldir á sama ári

Yfirséðanefnd féllst á með skattstjóra að um væri að ræða tekjur kæranda af atvinnurekstri

Úrskurður nr. 56/2009

business on the side

- Ágreiningur í máli þessu laut að því hvort hagnaður kæranda af sölu fasteigna teldist til **tekna af atvinnurekstri** kæranda eða hvort um væri að ræða **eignatekjur** sem skattleggja bæri sem fjármagnstekjur utan rekstrar
- Fyrir lá að kærandi hafði haft með höndum kaup og sölu fasteigna um **margra ára** skeið. Þá var ágreiningslaust að í flestum tilvikum voru umræddar fasteignir keyptar **gagngert til endursölu í hagnaðarskyni**, en í ýmsum tilvikum var um að ræða kaup á fleiri íbúðum í sama fjöleignarhúsi sem jafnan voru seldar aftur á sama eða næsta ári
- **Samkvæmt skattframtölum kæranda hafði kærandi selt samtals 46 fasteignir á árunum 2001-2005 og söluhagnaður hans numið alls 71.550.107 kr. Væri nánar tiltekið um að ræða sölu sex fasteigna árið 2001, átta árið 2002, tólf árið 2003, átján árið 2004 og tveggja fasteigna árið 2005**
- Að þessu virtu og **umfangi** og **tilhögun viðskiptanna að öðru leyti** var fallist á með skattstjóra að um atvinnurekstur kæranda hefði verið að ræða

Refsiábyrgðin

Er hún eitthvað sem hafa þarf áhyggur af?
Málið snúist um túlkunaratriði um hvenær ...

Þú kaupir eina
íbúð, selur
hana með
hagnaði,
kaupir aðra
íbúð og færir
niður kaupverð
hennar um
fjárhæð
hagnaðarins af
sölu á fyrstu
íbúðinni og svo
koll of kolli

EIGANDI REMAX ÁKÆRÐUR FYRIR SKATTSVIK

06:37 • 27. JANÚAR 2011

Ríkislögreglustjóri hefur ákært Þórarinn Arnar Sævarsson, einn af eigendum Remax-fasteignasöðlunnar á Íslandi, fyrir skattsvik. Í ákæruskjalinu er Þórarinn sagður hafa framið „meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum í sjálfstæðri atvinnustarfssemi sinni í fasteignaviðskiptum.“



Þórarinn Arnar er einn af eigendum Remax-fasteignasöðlunnar á Íslandi.

Þórarinn, sem hefur verið stórtækur í fasteignaviðskiptum hér á landi á undanförunum árum, er ákærður fyrir að hafa skilað röngum skattaskýrslum árin 2005, 2006 og 2007 vegna tekna árána á undan, með því að vanframtelja samtals rúmar 42,3 milljónir króna í rekstrartekjur og hafa þannig ekki talið fram skattskyldar tekjur. Þannig hafi hann komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð 12,6 milljónir króna.

Frávísunarkrafa var tekin fyrir í héraðsdómi í gær, en engin niðurstaða er komin. Lögmaður Þórarins telur að ekki standi steinn yfir steini í málflutningi ákærvaldsins. Úrskurður yfirsattanefndar, sem kom út eftir að Þórarinn var ákærður, styðji ekki málatilbúnað ákærvaldsins. Málið snúist um túlkunaratriði um hvenær menn teljist vera í atvinnustarfssemi.

Þess er krafist að Þórarinn verði dæmdur til refsingar og sviptur rétti til að vera löggildur fasteignasali.

Úrskurður nr. 109/2010

Gjaldár 2006 og 2007

BIFREIÐAVIÐSKIPT

- Skattstjóri taldi að virða bæri bifreiðaviðskipti kæranda á árunum 2005 og 2006 sem atvinnu rekstur hans í skattalegu tilliti þannig að skattleggja bæri tekjur kæranda af sölu bifreiða sem tekjur af atvinnurekstri
- Með hliðsjón af úrskurðaframkvæmd í málum af hliðstæðum toga og viðhorfum í **H 1989:230** féllst yfirskattanefnd á með kæranda að ekki hefði verið um atvinnurekstur að ræða. Var ákvörðun skatt stjóra því felld úr gildi

- Með úrskurði þessum taldi skattstjóri að virða bæri bifreiðaviðskipti kæranda á árunum 2005 og 2006 sem atvinnurekstur hans í skattalegu tilliti þannig að skattleggja bæri tekjur (söluhagnað) kæranda af sölu bifreiða sem tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í merkingu B-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt
- Í úrskurði skattstjóra kom fram að um væri að ræða sölu samtals **21 bifreiðar** á árinu 2005 og **28 bifreiða** á árinu 2006. Hefði kaupverð bifreiða numið alls 37.520.000 kr. fyrra árið og 47.360.000 kr. það síðara og söluverð numið 37.615.000 kr. fyrra árið og 52.625.000 kr. það síðara
- **Söluhagnaður kæranda hefði því numið 95.000 kr. rekstrarárið 2005 og 5.265.000 kr. rekstrarárið 2006. Þá tók skattstjóri tillit til upplýsinga kæranda um kostnað vegna vátrygginga, bifreiðagjalda og vaxtagjalda í tengslum við bifreiðaviðskipti sem kærandi lagði fram við meðferð málsins á skattstjórastigi. Var um að ræða kostnað að fjárhæð samtals 567.706 kr. á árinu 2005 og að fjárhæð samtals 253.658 kr. á árinu 2006**
- Í úrskurði skattstjóra kom fram að ákvörðun hans hefði í för með sér að rekstrarárið 2005 yrði tap af starfseminni 472.706 kr. sem væri yfirfæranlegt til næsta árs, sbr. 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003
- Rekstrarárið 2006 yrði hagnaður af starfseminni 4.538.636 kr. að teknu tilliti til frádráttar ónotaðs rekstrartaps frá fyrra ári. Færði skattstjóri þá fjárhæð til tekna sem hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri í reit 62 í skattframtali kæranda árið 2007 að viðbættu 25% álagi samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003

Enn meiri framkvæmd

- Verðbréfiðskipti - ÞARF AÐ HAFA ÁHYGGUR AF ÞEIM
 - Fjöldi viðskipta. Ath. hvort einhvern lærdóm sé unnt að draga af stóðhestinum Gauta um fjölda seldra folatolla. 101 viðskipti á 3 árum
 - Heildarhagnaður = söluverð mínus kaupverð. Því hærri sem fjárhæðin er því meiri eru líkurnar á því að maður verði talinn atvinnurekandi. Ein eða tvær sölur skipta þó ekki máli

Úrskurður nr. 222/2002

Gjaldár 2001

Kærandi sem var sjálfstætt starfandi **vátryggingarmiðlari** hélt því fram að honum væri heimilt við uppgjör fjármagnstekna af viðskiptum með afleiðusamninga (framvirka skiptasamninga) að draga frá þeim tekjum tap vegna sölu sams konar samninga á sama ári

Yfirskattanefnd taldi verða að líta svo á að um tekjur **af peningalegum eignum væri að ræða þannig að umræddar tekjur kærandi af sölu afleiðusamninga væru skattskyldar í hendi hans sem vextir af fjármagnstekjum utan rekstrar**

Þar sem hvorki í lagaákvæðum um það efni né annars staðar í skattalöggjöfinni væri fyrir að fara sérstakri heimild til slíkrar uppgjörsaðferðar vaxtatekna sem í málinu greindi var aðalkröfu kærandi hafnað

Þá var varakröfu kærandi þess efnis að **virða bæri viðskiptin sem þátt í sjálfstæðri starfsemi hans**, sem fólst í trygginga ráðgjöf og sölu trygginga, sömuleiðis hafnað, enda varð ekki séð að viðskiptin **tengdust** þeirri starfsemi á nokkurn hátt

Fjármagnstekju
skatturinn er brúttó
skattur. Ekki er því
unnt að draga nein
gjöld frá tekjum við
uppgjör hans

Teljast tekjurnar hins
vegar atvinnurekstrar
tekjur á maður
frádráttarrétt. Eðli
teknanna í því tilviki
hefur því úrslitaáhrif

Eiríkur í 10-11 ákærður fyrir skattsvik

Fyrst birt: 10.01.2013 11:20, Síðast uppfært: 10.01.2013 13:36



Sérstakur saksóknari hefur ákært Eirík Sigurðsson, sem kenndur er við 10-11 og er nú kaupmaður í Víði, fyrir skattsvik á árinu 2007.

Þetta kemur fram á vef Viðskiptablaðsins. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Eiríkur er ákærður fyrir að hafa vantalið tekjur sínar það ár um 800 milljónir króna og þannig komist hjá að greiða rúmlega 81 milljón króna í fjármagnstekjuskatt. Hjalti Magnússon, endurskoðandi Eiríks, er jafnframt ákærður og þess meðal annars krafist að hann verði sviptur starfstitli.

[Til baka](#)

Fyrirtækjum mun heimilt að gera slíkt en ekki einstaklingum
Alls 7 samningar. 120 millj. hagnaður 108 millj. tap

Héraðsdómur Reykjavíkur

Haraldur Guðjónsson

Aðalmeðferð hófst í dag í skattamáli embættis sérstaks saksóknara gegn Ragnari Þórisssyni.



Ragnar Þórisson, sjóðsstjóri og stofnandi vogunarsjóðsins Boreas Capital, greiddi 15 milljónir króna í sekt og álag ríkisskattstjóravegna tekna af framvirkum skiptasamningum árið 2011. Þetta er 125% af raunhagnaði í viðskiptunum, að því er fram kemur í greinargerð verjanda Ragnars. Aðalmeðferð hófst í máli Ragnars í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Embætti sérstaks saksóknara ákærði hann í í fyrrafyrirhaust vegna skattsvika.

Í ákærunni er Ragnari gefið að sök að hafa ekki talið fram 120 milljóna króna fjármagnstekjur árið 2007. Tekjurnar hafi verið til komnar vegna uppgjörs tveggja framvirkra skiptasamninga við MP banka. Samkvæmt því áttu skattgreiðslur að nema um 12 milljónum króna.

Í greinargerð verjanda Ragnars kemur m.a. fram að 120 milljóna króna hagnaður hafi verið af tveimur samninganna árið 2007. Á móti hafi fimm samningar skilað 108 milljóna króna tapi. Raunhagnaður Ragnars á árinu, samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni, nam því 12 milljónum króna.

Vantaldir tekjur um 800 milljónir

Þetta er sambærilegt mál og embætti sérstaks saksóknara hefur ákært Eirík Sigurðsson, löngum kenndur við matvöruverslanirnar 10-11 og Víði, fyrir. Í því máli eru Eiríkur og endurskoðandi hans sakaðir um að hafa dregið tap nokkurra samninga frá hagnaði þeirra og vantalið tekjur af framvirkum samningum um rúmar 800 milljónir króna. Fyrirtækjum muni heimilt að gera slíkt en ekki einstaklingum.

Mæla með 1

Tweet 0

STIKKORÐ

Boreas Capital • Ragnar Þórisson

TENGT EFNI

Greinargerð lögð fram í skattsvikamáli Ragnars

Sérstakur ákærir Ragnar Þórisson

Stóðhesturinn Gauti, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 414/2006

Mamma stráks átti meri. Merin gaf af sér öflugan grað fola er fékk nafnið Gauti. Þegar Gauti fór að skora hátt á hestasýningum vildu útlendingar ólmir eignast hann. Á ég að selja spurði stráksi? Nei sagði m.a. Brynjar Vilmundarson hestaræktandi á Feti. Stofnaðu frekar ehf. um hestinn og það gerði strákurinn með framlagi á hestinum fyrir 9 millj. 14. júlí 2001

Strákurinn hélt að hann þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur af ráðstöfunum sínum. Skattyfirvöld voru hins vegar á öðru máli og endurákvörðuðu opinber gjöld hans. Í stað 0 skatts stóð strákurinn því uppi með 6 millj. skatt

Staðreyndir málsins

Umfang og regluleiki

Tekjurárin	1998	1999	2000	2001	ALLS
Fjöldi mera sem gengu undir hestinn	1	29	21	50	101
þar af greiddu ... fyrir sæðninguna	?	?	5	28	33
Heildartekjur voru því	0	0	125.000	610.000	735.000

U
M
S
T
A
N
G

Samkvæmt stóðhestaskýrslum voru **fimm** hryssur leiddar undir hestinn á tímabilinu 5.-22. júní 2001, **22** á tímabilinu 23. júní til 27. júlí 2001, **20** á tímabilinu 27. júlí til 5. september 2001 og **þrjár** hryssur „sumar 2001“ án nánari tilgreiningar eða alls 50 hryssur á árinu 2001.

Niðurstaða yfirséðanefndar

- Samkvæmt þessu þykir bera að miða við að fram á vorið 2001 hafi **UMSTANG** kæranda með stóðhestinn Gauta verið innan venjulegra marka hefðbundinnar hesta mennsku (=HOBBY)
- Það vor hafi hins vegar orðið sú breyting á varðandi umræddan hest að telja verður að **útgerð** hans til undan eldis með tilheyrandi tekjum og stórfelldri hækkun á verðmæti hestsins hafi a.m.k. verið komin að mörkum atvinnurekstrar sem í síðasta lagi gat verið við það tímamark þegar hestinum var ráðstafað til umrædds einkahlutafélags Gauta stóðhests ehf. við stofnun félagsins hinn 14. júlí 2001

Búrekstur

Tómstundastarfsemi Hvað skilur að

1. Hefðbundinn búskapur. Ath. húsakost, fjölda gripa og hvernig staðið er að búskapnum. Er hann aðalstarf manns. Menntun o. fl.
2. Hestarækt. Hliðargrein eða Tómstunda starfsemi. Ath. fjölda gripa
3. Aflagður búskapur. Afnot af eyðibýli. Leiga og sala jarðnæðis t. d. undir sumarbústaði.
Standa eignirnar enn inni á atvinnurekstrar framtali

- **ÚRN 113/1976.** Kærandi rak hestabú á jörð nokkurri ásamt fjórum öðrum mönnum í formi sameignarfélags. Bústofn félagsins var 3 hestar, 12 hryssur, 26 trippi og 6 folöld eða alls **47 dýr**. Á tekjuhlið rekstrarreiknings komu eigi fram aðrar tekjur af ofangreindum bústofni en **bústofnsaukning, að fjárhæð 48.200 kr.** Rekstrarhalli félagsins nam hins vegar 1.141.628 kr., og færðu eigendur hann til frádráttar tekjum á einkaframtölum sínum. Taldi skattstjóri frádráttinn óheimilan, þar sem **ekki** væri um atvinnurekstur að ræða, og staðfesti RSN úrskurð hans. Voru skattar kæranda því hækkaðir. Neitaði hann að greiða viðbótarskattana, og var því krafist lögtaks til tryggingar greiðslu þeirra. Kærandi mótmælti framgangi lögtaksins, og fór málið fyrir fógetarétt Kópavogs, sem úrskurðaði, dags. 29. okt. 1979, að lokinni vettvangsskoðun, að atvinnurekstur væri stundaður á jörðinni
- **YSÚ 521/1994.** Á landbúnaðarskýrslu, sem fylgdi skattframtali kæranda 1992, voru færðar sem tekjur 20% söluhagnaður vegna sölu **á fullvirðisrétti**, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 36/1991. Frá tekjunum var dreginn kostnaður, 83.333 kr., auk gjaldfærslu vegna verðbreytinga, 2.184 kr., og yfirfærðs taps frá fyrra ári, 261.989 kr., vegna **4 hesta**. Skattstjóri synjaði um frádrátt á rekstrar tapinu, þar sem um **tómstundalandbúnað** væri að ræða, og staðfesti YSN úrskurð hans
- **ÚRN 410/1988.** Aðili **átti fjögur trippi, sex hesta og tvær merar**, og var talið, að um tómstundastarfsemi væri að ræða. Sama niðurstaða varð í ÚRN 487/1986, en þar átti aðili **sex ær, tvo hrúta og sex gemlinga**

YSÚ 94/1998

- Í máli þessu var deilt um hvort telja bæri hrossa búskap kærenda til atvinnurekstrar þeirra, eins og kærendur héldu fram, eða hvort líta bæri svo á að um tómstundastarfsemi væri að ræða, svo sem skattstjóri og ríkisskattstjóri vildu meina
- Að virtu **takmörkuðu** umfangi hrossaræktar kærenda, með hliðsjón af úrskurðarframkvæmd og þegar jafnframt væri litið til þess að kærendur hefðu ekki gert skýrlega grein fyrir því með hvaða hætti umrædd starfsemi kæmi til með að verða til tekjuöflunar, taldi yfirséðanefnd að fallast yrði á þá niðurstöðu skattstjóra að hrossahald kærenda **gæti ekki talist** til atvinnurekstrar. Var kröfum kærenda því hafnað

Í málinu lág fyrir að bústofn kærenda saman stóð af:

- Af úrskurðarframkvæmd verður ráðið að **allmiklar kröfur** séu gerðar til umfangs hrossabúskapar svo að hann geti talist atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, sbr. m.a. úrskurði ríkisskattaneðndar nr. 194/1986 og 410/1988 sem birtir voru í úrskurðarsafni nefndarinnar fyrir árin 1986 til og með 1989 sem útgefið var 1990
- Samkvæmt landbúnaðarskýrslu kærenda fyrir árið 1995, er fylgdi skattframtali þeirra árið 1996, nam hrossaeign í árslok 1995 **15 hrossum**, þ.e. tveimur hestum 5–13 vetra, sex hryssum 5–13 vetra, þremur tryppum og fjórum folöldum. Þær breytingar urðu á hrossaeign á árinu 1995 að tveimur eldri hestum var fargað og keypt voru fimm hross samtals að matsverði 75.235 kr.

Úrskurður nr. 297/2005

Gjaldár 2000-2003

Kærandi, sem var einkahlutafélag, hafði árin 1999-2002 ekki aðrar tekjur af jörð, sem félagið keypti árið 1999, en arð af veiðirétti jarðarinnar og enginn búskapur eða önnur atvinnustarfsemi var rekin á jörðinni

Í málinu var deilt um heimild kæranda til að draga frá tekjum af jörðinni, þ.e. arðgreiðslum frá veiðifélagi, ýmsan kostnað vegna jarðarinnar og mannvirkja á henni, m.a. kostnað vegna hita og rafmagns, fasteignagjalda, trygginga, svo og fyrningar, vaxtagjöld og lántökukostnað

Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að þótt ekki væri ástæða til að draga í efa að nauðsynlegt hefði verið að kaupa jörðina í heild sinni með gögnum og gæðum til að öðlast veiðirétt hennar leiddi það ekki sjálfkrafa til þess að allur kostnaður vegna jarðarinnar og mannvirkja á henni teldist frádráttarbær rekstrarkostnaður

Var ekki fallist á með kæranda að umrædd mannvirki hefðu verið til öflunar tekna á greindum tíma, eins og tekjuöflun kæranda hefði verið háttað, þannig að mannvirkin gætu talist til fyrnanlegra eigna og kostnaður vegna þeirra til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Var kröfum kæranda hafnað

Úrskurður nr. 297/2007

Gjaldár 2006

Rekstri hætt: Lengi lifir í gömlum gæðum

- A var sjálfstætt starfandi listamaður en lét af list-sköpun á **árinu 2000**. Í málinu var deilt um hvort sala A á listaverki á árinu **2005 væri skattfrjáls**, sbr. 2. mgr. 16. gr. TSL eða félli undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi A, sbr. B-lið 7. gr. TSL
- Var í því sambandi vísað til þess að A hefði unnið að gerð listaverksins á árunum **1998 og 1999**, þ.e. á þeim tíma sem A hefði haft með höndum sjálfstæða starfsemi sem listamaður, **og fært lista-verkið til eignar í rekstrinum auk þess sem A hefði haft tekjur af sölu listaverka á árinu 2002**

Búrekstri lokið, aukastarfsemi

- **YSÚ 633/1993**, en þar var talið heimilt að telja greiðslu, 96.605 kr., fyrir **leigu á fullvirðisrétti** og arðgreiðslur frá veiðifélagi vegna sölu á veiðirétti, að upphæð 981.000 kr., fram sem atvinnurekstrartekjur. **Í málinu kom fram, að kærendur höfðu áður stundað búrekstur á umræddri jörð**
- **Í YSÚ 438/1992** varð hins vegar gagnstæð niðurstaða. Bónda, sem hættur var búskap, ekki talið heimilt að telja veiðileigutekjur, að upphæð 506.875 kr., fram sem atvinnurekstrartekjur. Taldi skattstjóri, að tekjurnar væru fasteignaleiga, sbr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. TSL. Mátti bóndinn því ekki draga frá þeim yfirfært tap af búreksri sínum
- Sjá einnig ÚRN 563/1991, tekjur af æðarvarpi og sellátrum ekki taldar atvinnurekstrartekjur

Hagnaðarkrafa

Reiknaðar tekjur eins
og reiknað endurgjald

- Starfsemi verður að ganga út frá því að skila hagnaði
 - tilgangur, vísar til ætlunar manns
- Hagnaðarkrafan er því huglægs eðlis. Við þetta mat er þó ekki nóg að horfa aðeins á eitt ár. Skoða verður lengra tímabil í því sambandi
- Ath. álitamál getur verið hvort meta skuli hagnað á grundvelli reikningsskila eða skattskila?
 - Að mínu mati eiga reikningsskilin að hafa forgang
- Í framkvæmd verður maður þess oft áskynja að ríkari kröfur séu gerðar til þess að vsk-skyld starfsemi fullnægi hagnaðarkröfunni en ekki vsk-skyld starfsemi
 - T. d. þarf mjög litið til svo að listamenn teljist atv.

Hrd. 1964/687

Múlalundur

- Málavextir voru þeir, að skattstjóri gerði Múlalundi, sem rekinn var af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, að greiða skatt af starfsemi sinni, þar sem stofnunin hefði með **höndum atvinnurekstur**, og væri því óheimilt að undanþiggja hana skatti. Múlalundur greiddi ekki skattinn, og var þá krafist lögtaks til tryggingar honum. **Fógeti synjaði hins vegar framgangi þess, þar sem stofnunin hefði ávallt verið rekin með halla, enda eigi til hennar stofnað í fjágróðaskyni**
- Innheimtumaður ríkissjóðs áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar, og staðfesti hann ákvörðun fógeta með svohljóðandi orðum: „Í úrskurði fógeta er lýst starfsemi stefnda. **Tilgangur stofnunarinnar er að þjálfra sjúkt fólk og örkumla til hagnýtrar vinnu.** Í því skyni eru öryrkjunum fengin í hendur hæfileg verkefni, og stofnunin hefur á sínum vegum sérfróða lækna og þjálfunar- og hjúkrunarlið. **Rekstur stefnda er því eðlisþáttur í líknarstarfsemi, og verður hann eigi talinn atvinnurekstur í skilningi 4. gr. laga nr. 46/1954, 6. gr. laga nr. 70/1962 og 29. gr. laga nr. 69/1962.**“

YSÚ 689/1997

orator, félag laganema

Kærandi, sem var sjálfseignarstofnun um bókaútgáfu, taldi sig undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt 5. eða 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, 4. og 5 tölul. núildandi laga, þar sem stofnunin ræki ekki atvinnu og ráðstafaði hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hefði það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum

Skráður tilgangur kæranda samkvæmt skipulagsskrá var að gefa út fræði- og handbækur, einkum á sviði lögfræði. Yfirsattanefnd féllst ekki á að kærandi ræki ekki atvinnu í skilningi 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981. Taldi nefndin verða að líta til þess að kærandi hefði það eina markmið að reka bókaútgáfu, þ.e. hefðbundna forlagsstarfsemi, sem samkvæmt almennum skilningi yrði að telja atvinnurekstur, og útgáfubækur hans væru seldar á almennum markaði sem hver önnur verslunarvara.

Þessa starfsemi hefði kærandi stundað reglubundið og í nokkru umfangi þegar á heildina væri litið, enda þótt velta hvers árs gæti ekki talist umfangsmikil. (Ath. hér er ekkert fjallað um afkomuna sem er galli). Yfirsattanefnd féllst hins vegar á að kærandi félli undir undanþágu 5. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981. (Afgangurinn fjallar svo um réttlætninguna á því.)

Kom fram í úrskurði nefndarinnar, að þótt engin sérstök ákvæði væri að finna í skipulagsskrá fyrir kæranda hvernig ráðstafa skyldi hagnaði stofnunarinnar, væri ekki þar með sagt að stofnunin hefði frjálsar hendur um ráðstöfun hagnaðar. Þar sem eina markmið kæranda samkvæmt skipulagsskrá væri útgáfa fræði- og handbóka og kærandi væri sjálfseignarstofnun yrði að telja óyggjandi að hagnaði af starfseminni yrði einungis ráðstafað í þágu þess markmiðs, enda væri engum ákvæðum til að dreifa um ráðstöfun hagnaðar til annarra þarfa

Yfirsattanefnd hafnaði því sjónarmiði skattstjóra, að sú staðreynd að hagnaður kæranda öll þau ár sem málið varðaði hefði verið færður óskiptur á óráðstafað eigið fé í reikningsskilum stofnunarinnar, hefði í för með sér að kærandi teldist ekki hafa ráðstafað hagnaði sínum til almenningsheilla. Var ekki talið felast almennt í umræddu undanþáguákvæði að lögaðili yrði að ráðstafa öllum hagnaði sínum til almenningsheilla á þeim tíma sem hagnaðurinn myndaðist til að geta notið undanþágunnar

Var kærandi óhjákvæmilega talinn þurfa eitthvað svigrúm til að treysta efnahag sinn til þess að geta sinnt markmiði sínu samkvæmt skipulagsskránni. Þegar horft var til efnahags kæranda á því tímabili sem málið varðaði og með hliðsjón af starfsemi hans og fjárhagslegum þörfum hennar, og jafnframt haft sérstaklega í huga að starfsemin taldist sem slík til almenningsheilla, var skattstjóri ekki talinn hafa sýnt fram á að kærandi hefði með ráðstöfunum sínum á hagnaði farið út fyrir þau mörk sem telja yrði að fælust að þessu leyti í 5. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981.

Var krafa kæranda tekin til greina. Sératkvæði.

4. gr. laga nr. 90/2003 nú 4. og 5. tölul.

4. Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
5. Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr., sem ekki reka atvinnu

Hið gamla: Nema

Fullnægi starfsemi öllum þeim skilyrðum sem krafist er svo að hún teljist atvinnurekstur ber að skattleggja hana sem slíka **nema** gagngert sé mælt fyrir um á annan veg í lögum

Íbúðarhúsnæði

Sjá 2. mgr. 30. g. TSL

- Útleiga manns á íbúðarhúsnæði **telst ekki til atvinnurekstrar** eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi **nema** því aðeins að **heildarfyrningargrunnur** slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi **27.000.000 kr.** eða meira ef um einstakling er að ræða, **en 54.000.000 kr.** ef hjón, sbr. 62. gr., eiga í hlut

Íbúðarhúsnæði leigt til íbúðar

- Íbúðin verður að vera **leigð til íbúðar**, það er heimilishalds. Leiga íbúðarhúsnæðis undir atvinnu rekstur myndi því skattleggjast með 36,94% eða 46,24% skatti (staðgreiðsluárið 2018)
 - Sem dæmi má nefna að íbúð sé leigð út undir skrifstofu, hárgreiðslustofu o. fl.
- Sama gildir um leigu á einstökum herbergjum (rými í íbúð) til einkahlutafélags eigands, skrifstofuaðstaða heima
 - Þetta orkar auðvitað tvímælis vegna umfangsskilyrðisins

Heildarfyrningargrunnur

Stofnverð = kaupverð eða byggingarkostnaðarverð

36. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003

- **Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna**
- Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst STOFN VERÐ þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., **að frádregnum áður fengnum fyrningum**
- Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–5. tölul. 33. gr. telst **STOFNVERÐ** þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr.
- Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002

Árið 2017 voru þessi viðmið Sama gildi 2018. Ath. samt ...

- Út leiga á at vinnu rekstrarhúsnæði telst til atvinnurekstrar en út leiga á íbúðarhúsnæði telst ekki til at vinnu rekstrar nema fyrningar grunnur þess í árs lok nemi a. m. k. 29.324.700 kr. hjá ein staklingi eða 58.649.400 kr. hjá hjónum
- Ef um út leigu á íbúðarhús næði er að ræða teljast 50% leigu tekna til frá drátt ar og koma þannig einungis 50% til skattlagningar

Úrskurður nr. 397/2006

Gjaldár 2000 og 2001

- Í máli þessu var deilt um meðferð leigutekna, fyrninga og rekstrarkostnaðar vegna **tveggja fasteigna í skattskilum kæranda** sem höfðu með höndum fiskvinnslu. Skattstjóri leit svo á að skattleggja bæri tekjur kæranda af útleigu fasteignanna sem fjármagnstekjur utan rekstrar **þar sem útleiga manns á íbúðarhúsnæði teldist ekki til atvinnurekstrar nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans næði tilteknu lágmarki sem ekki væri raunin í tilviki kæranda, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.**
- Kærendur töldu hins vegar að umrætt ákvæði tæki ekki til þess þegar íbúðarhúsnæði væri leigt út **í tengslum** við atvinnurekstur manns af öðru tagi, svo sem við ætti í tilviki kæranda sem hefðu **notað báðar fasteignirnar sem verbúðir vegna starfsmanna fiskvinnslunnar**
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að leggja yrði til grundvallar að fasteignir kæranda teldust **íbúðarhúsnæði** í skilningi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, **enda hefði húsnæðið verið nýtt til íbúðar og þætti ekki geta skipt máli í því sambandi þótt þar hefðu eingöngu búið starfsmenn kæranda**
- Þar sem fyrir lá að heildarfyrningargrunnur umrædds húsnæðis náði ekki lágmarki samkvæmt fyrrnefndu ákvæði var kröfu kæranda hafnað

Úrskurður nr. 145/2004

Gjaldár 1999-2001

- Í máli þessu var ágreiningur um það hvort telja bæri tekjur kæranda af útleigu húsnæðis til tekna af atvinnurekstri, svo sem skattstjóri taldi, eða til fjármagnstekna (eignatekna) utan rekstrar, eins og kærandi hélt fram
- **Leigutekjur voru vegna afnota einkahlutafélags, x ehf., sem var alfarið í eigu kæranda og eiginkonu hans, af íbúðarhúsnæði kæranda. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að almennt yrði að telja að útleiga á atvinnuhúsnæði teldist til atvinnurekstrar, ekki síst þegar um væri að tefla útleigu slíks húsnæðis til lengri tíma**
- Þar sem ekki var talið að hin umdeilda útleiga kæranda væri **óveruleg að umfangi** var fallist á með skattstjóra að húsaleigutekjur kæranda féllu undir tekjur af atvinnurekstri. Þá var kröfu kæranda um niður fellingu álags hafnað og tekið fram að kærandi hefði enga grein gert fyrir umræddum leigutekjum í skattframtölum sínum árin 1999, 2000 og 2001

- Umræddar leigutekjur kæranda voru frá X ehf. ... en samkvæmt gögnum málsins hefur einkahlutafélag þetta með höndum tryggingasölu og er alfarið í eigu kæranda og eiginkonu hans. **Fram er komið að leigutekjurnar, sem stöfuðu af óumdeildum leigumála, voru vegna afnota einkahlutafélagsins af íbúðarhúsnæði kæranda vegna skrifstofuaðstöðu, sbr. m.a. bréf umboðsmanns kæranda til skattstjóra, dags. 19. febrúar 2003.** Samkvæmt fyrirbyggjandi greiðslumiðum (RSK 2.02) var um að ræða leigu húsnæðis að Y-götu október til og með desember árið 1998 og að Z-götu á sama stað árin 1999 og 2000
- Af hálfu kæranda virðist m.a. byggt á því að um útleigu á íbúðarhúsnæði hafi verið að ræða. Er rétt að taka þetta atriði fyrst til úrlausnar, enda verður að telja að ef líta ber á útleigu þessa sem útleigu íbúðarhúsnæðis nái krafa kæranda þegar af þeirri ástæðu fram að ganga vegna ákvæða 3. málsl. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. **Samkvæmt framansögðu var húsnæðið leigt undir skrifstofuaðstöðu fyrir X ehf. Var húsnæðið því leigt út sem atvinnu húsnæði, enda þótt það væri hluti af íbúðarhúsnæði kæranda**
- Orðin „útleiga manns á íbúðarhúsnæði“ í 3. málsl. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 þykir bera að skýra samkvæmt **orðanna hljóðan og ekki rýmra en felst í beinu orðalagi ákvæðisins þannig að átt sé við leigutekjur af húsnæði sem nýtt sé til íbúðar, en ekki til annars, svo sem atvinnurekstrar.** Samkvæmt þessu verður að fallast á þá niðurstöðu skattstjóra að um útleigu á atvinnuhúsnæði hafi verið að ræða

Íbúðaskattlagning

Breytt framkvæmd. Sjá 58. gr. a TSL

- Tekjur manna af útleigu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis, m.a. þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi, **skulu teljast stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi nema:**
 - a. Tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög, enda séu hinar útleigðu sérgreindu fasteignir ekki **fleiri en tvær**. Frá tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis, sem fellur undir húsaleigulög, er heimilt að draga leigugjald sem hann greiðir af íbúðarhúsnæði til eigin nota
 - Frádráttur þessi leyfist eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er í útleigu
 - b. Útleigan teljist heimagisting samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, hún hafi verið tilkynnt sýslumanni og fengið skráningar númer. Þá skal heildarfjárhæð leigutekna viðkomandi af heimagistingu á tekjuárinu aldrei nema hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. Sé húsnæðið í útleigu tveggja eða fleiri manna skal við afmörkun heildarfjárhæðarinnar telja tekjur þeirra allra hjá hverjum og einum

Fjármagnstekjur, atvinnurekstrartekjur

- Tekjur af starfsemi sem fellur undir b-lið 1. mgr. 58. gr. a TSL skulu skattlagðar samkvæmt ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. **án frádráttar**
- Nemi heildarfjárhæð leigutekna skv. b-lið 1. mgr. hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. eða ef sýslumaður fellir niður skráningu heimagistingar falla **allar** leigutekjurnar á tekjuárinu undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi

SMITAÐAR EIGNIR

- Þegar sagt er að eign sé **smituð** í þessu sambandi er átt við að ákveðið ástand eins og atvinnurekstur færist yfir á eign sem skattaðili eignast persónulega
- Einkaeign verður með öðrum orðum atvinnurekstrareign
 - og einstaklingstekjur → atvinnurekstrartekjur
- Yfirleitt gerist þetta sjálfkrafa og helgast af nálægð eignarinnar við umrætt ástand eða starfsemi

Úrskurður nr. 1009/1998

Gjaldár 1997

- Talið að virða bæri viðskipti kæranda með tiltekna bifreið **heildstætt** þannig að þau **hefðu verið hluti af atvinnurekstri hans**, en kærandi hélt því fram að um einkabifreið væri að ræða
- **Var bent á að kærandi hefði eignast bifreiðina með því að taka hana upp í söluverð vörubifreiðar sem tilheyrt hefði atvinnurekstri hans og síðan látið bifreiðina upp í kaupverð annarrar atvinnubifreiðar**
- Var kröfu kæranda um niðurfellingu á tekjufærslu söluhagnaðar vegna umræddra viðskipta hafnað

Úrskurður nr. 12/2010

Virðisaukaskattur 2002

- Kærandi, sem seldi atvinnuhúsnæði í ársbyrjun 2002, **tók vörubifreið** sem hluta greiðslu á söluandvirði húsnæðisins. Seldi kærandi vörubifreiðina síðar á sama ári og stóð skil á virðisaukaskatti af söluverði hennar
- Með úrskurði yfirskattanefndar var þeim breytingum skattstjóra á virðisaukaskattsskilum kæranda árið 2002, að fella niður tilfærðan innskatt af kaupverði bifreiðar innar og útskatt af söluverði hennar, **hnekt á þeim grundvelli að um hefði verið að ræða öflun og sölu á skattskyldri vöru samkvæmt virðisaukaskattslögum**

Algengar smitleiðir

- Bifreiðasali – sjá 16. gr. Undanþága frá skatti háð því að „**sala þess (lausafjárins) falli ekki undir atvinnurekstur**“
 - Allar bifreiðar, sem bifreiðasali selur, teljast atvinnurekstrar-eignir nema hafið sé yfir allan vafa að um einkabifreið hans sé að ræða. Sönnunarbyrgðin hvílir á bifreiðasalanum. Ath. ekki dugar að láta nána fjölskyldumeðlimi standa fyrir viðskiptunum því horft er í gegnum þá (TRANSPARENCY)
- Bifreiðavirki - sjá B-lið 7. gr. TSL
 - Stundi maður viðgerð á bifreiðum í atvinnuskyni getur hann átt á hættu að tjónabifreiðar, sem hann kaupir og gerir upp á verkstæði sínu, teljist atvinnurekstrareignir
- Fasteignasali þar með talið byggingarverktaki
 - Í stórum dráttum það sama

Úrskurður nr. 101/2001

Gjaldár 1999

Kærandi, sem rak **bifreiðapartasölu**, hélt því fram að sala hans á tveimur bifreiðum á árinu 1998, sem hann keypti laskaðar erlendis á árinu 1997 og flutti til landsins, **tengdist ekki atvinnurekstri hans þar sem bifreiðanna** hefði verið aflað **til eigin nota**. Bæri því að ákvarða tekjuskatt af söluhagnaði bifreiðanna eftir reglum um fjármagnstekjuskatt. Yfirséðanefnd benti á að kærandi hefði selt báðar bifreiðarnar þegar að viðgerð lokinni. **Ergo engin einkanot**

Var talið að **meta** yrði bifreiðaviðskipti kæranda á árinu 1998 **heildstætt** þannig að kaup og sala umræddra tveggja bifreiða hefði verið hluti af atvinnurekstri hans. Var kröfu kæranda hafnað

- **Sjá ÚRN 616/1991.** Kærandi rak **bifreiðaverkstæði**. Jafnframt keypti hann tjónsbifreiðir og gerði upp. Var söluhagnaður þeirra **ýmist** færður á atvinnurekstrarframtal eða persónuframtal. Á árinu 1988 keypti kærandi tjónsbifreið, sem hann seldi á árinu 1989, og taldi hann hagnað af sölunni, 239.000 kr., undanþeginn skatti samkvæmt 2. mgr. 16. gr. TSL á persónu framtali sínu. **Með hliðsjón af starfsemi kæranda, sem fólst m. a. í kaupum og viðgerðum á tjónsbifreiðum, taldi skattstjóri, að færa bæri hagnaðinn sem atvinnurekstrartekjur, og staðfesti RSN úrskurð hans**
- **Sjá ÚRN 857/1990.** Aðili **rak bílasölu** í atvinnuskyni í félagi við bróður sinn. Jafnframt keypti hann og seldi bifreiðar fyrir eigin reikning. Taldi hann þær undanþegnar skatti samkvæmt 2. mgr. 16. gr. TSL. Að virtum rekstri kæranda á bílasölu svo og umfangi og eðli þeirra bifreiðaviðskipta, er hann hafði einn með höndum, taldi RSN ótvírætt, að skoða bæri þau sem þátt í sjálfstæðri starfsemi hans
- **Sjá ÚRN 133/1988.** **Bifvélavirki** keypti tvo tjónsbíla og gerði þá upp. Síðan seldi hann aðra bifreiðina, og var söluhagnaðurinn skattlagður sem atvinnurekstrartekjur hjá honum
- **Sjá ÚRN 133/1984,** er fjallaði um rétt **bifvélavirkja** til að draga tap af bifvélaverkstæði frá söluhagnaði af notuðum bifreiðum, sem hann hafði keypt skemmdar og gert upp. Var fallist á frádráttinn, enda um skylda starfsemi að ræða

- Sjá hins vegar **ÚRN 632/1990**, ekki fallist á, að sala **sendibifreiðar stjóra** á tveimur innfluttum bifreiðum væri hluti af atvinnurekstri hans
- Sjá og **ÚRN 529/1991**, ekki talið, að eigandi **knattborðsstofu**, sem seldi bifreiðar í frítíma sínum, stundaði bifreiðasölu í atvinnuskyni
- Sjá einnig **YSÚ 579/1994**. Maður nokkur, sem stundaði **verslunar rekstur**, keypti nítján og seldi átján bifreiðar, og voru viðskiptin vegna þeirra bókfærð eins og um atvinnusölu væri að ræða. **Þá var upplýst, að maðurinn hafði rekið bílasölu hluta af árinu 1990**. Vegna þessa var honum gert að greiða virðisaukaskatt vegna sölu ofan nefndra bifreiða. Kærði maðurinn álagninguna og krafðist niðurfellingar skattsins, þar sem hann hefði ekki stundað bifreiðasölu í atvinnuskyni. **Enginn hagnaður varð af bifreiða sölunni, sem ekki var rekin á fastri starfsstöð**. Með vísan til þessa féllst YSN á kröfu hans með svofelldum orðum: „**Að því virtu, sem að framan er rakið, verður ekki talið að kærandi hafi stundað bifreiðaviðskipti í þeim mæli eða að þau hafi að öðru leyti verið þess eðlis að líta beri á þau sem atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.**“

MEIRA UM smitaðar ...

- Einstaklingur í rekstri (verktaki) byggir íbúðir til endursölu. Kaupendur greiða söluverðið m.a. með íbúðarlánasjóðsbréfum
- Vextir af þeim bera 36,94% ... skatt í atvinnurekstrinum – ÞETTA ER HÁR SKATTUR
- Vegna þessa er eðlilegt að spurt sé:
 - Getur maðurinn tekið bréfin út úr rekstrinum og fært á persónuframtal sitt með þeim áhrifum að aðeins þurfi að greiða 22% skatt af vöxtunum?

Lögmæt og ólögmæt starfsemi

Í sjálfu sér er ekki skilyrði að starfsemi sé lögmæt til að teljast atvinnurekstur. Ólögmæt starfsemi getur því talist atvinnurekstur.



Munið Al Capone. Hann var ekki sakfeldur fyrir morð heldur undan skot á tekjum m.a. vegna ólöglegar áfengissölu.

Vísir, | 25. mar. 2007 18:30

Má borga skatt af vændi



Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, segir að vændiskörum og -konum verði ekki bannað að greiða skatt af vændi.

[Horfa á myndskleið með frétt](#)

Fólki verður ekki bannað að greiða skatt af vændi, segir ríkisskattstjóri. Íslenskur karlmaður hyggst greiða virðisaukaskatt af blíðu sem hann kveðst hafa selt fiskverkunarkonu. Lögspekingar telja langsótt að kæra fjármálaráðherra, sem yfirmann ríkisfjármála, fyrir að hafa tekjur af vændi.

Við sögðum frá því í fréttum okkar í gær að karlmaður á fimmtugsaldri kveðst hafa selt pólskri fiskverkunarkonu blíðu sína og ætlar að greiða virðisaukaskatt af starfseminni í ríkissjóð. Blíðan kostaði 10.000 krónur, hlutur ríkissjóðs af þessum fyrsta viðskiptavini vændiskarlsins er því 2450 kr. Hann hyggst síðan kæra fjármálaráðherra, sem yfirmann ríkisfjármála, fyrir að hafa tekjur af vændi sem þriðji aðili.

Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri vildi ekki koma í viðtal um málið en sagði að fólki væri ekki bannað að greiða skatt af vændi. Vændi myndi þá skilgreinast sem persónuleg þjónusta, sem er virðisaukaskattskyld. Undir þann flokk falla meðal annars samtöl sem ekki tilheyra heilbrigðisþjónustu.

Ekki er lengur refsivert að selja sig til framfærslu samkvæmt nýsamþykktri breytingu á hegningarlögum. Í þeim stendur meðal annars að hver sem hefur tekjur af vændi annarra, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum en sektum eða fangelsi allt að einu ári ef málsbætur eru.

Lögmenn sem fréttastofa ræddi við í dag telja langsótt að persónugera ráðherra í svona máli. Andi laganna geri ráð fyrir að átt sé við einstakling, annan en þann sem kaupir eða selur vændi, en hafi af því afskipti.

Að lokum

- Hvers vegna má maður ekki ráða því sjálfur hvort hann geri sig út sem
 - Launþega eða atvinnurekanda/verktaka
- **Skoðum afleiðingarnar**
 - Viðurkenning á slíku fyrirkomulagi þýðir í raun að manni yrði gefið sjálfðæmi um fjárhæð skatta sinna
 - Alkunna er að menn hafa ólíka möguleika til þessa og myndi skattlagningin því í raun leiða til mismununar sem í eðli sínu brýtur gegn 40. gr., sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar (lögmætisreglan)
 - Önnur áhrif. Röskun á samkeppni ... Pólitísk sjónarmið. Megum samt ekki vera of stíf

SPURNINGAR

Ef ekki þakka ég fyrir mig